

# Fundargerð 27. fundar ferðamálaráðs – 3. apríl 2009

Fundurinn var haldinn í iðnaðarráðuneytinu 3. apríl 2009, kl. 8.30.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Einar Karl Haraldsson, Gunnar Sigurðsson, Sævar Skaptason, Dagur B. Eggertsson. Jón Ásbergsson. Einnig áheyrnarfulltrúarnir Ólöf Ýrr Atladóttir og Helga Haraldsdóttir sem ritaði fundargerð. Helgi Már Björgvinsson og Pétur Rafnsson boðuðu forföll.

## Dagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar.
- Aðstaða á ferðamannastöðum; snyrtingar, öryggismál, merkingar, viðbrögð við umfjöllun: Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri
- Geysissvæðið: Staða mála og næstu skref.
- Samstarf Ferðamálastofu, Útflutningsráðs og utanríkiráðuneytis.
- Önnur mál

### 1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

**2. Aðstaða á ferðamannastöðum.** ÓÝA ferðamálastjóri kynnti styrkveitingar Ferðamálastofu á árinu 2009. 10 styrkir til salernisaðstöðu, 55 til stígagerðar og merkinga.

Ferðamálastofa styrkti ásamt fleirum gerð aðvörunarskiltis í Reynisfjöru. - Miklar umræður spunnust um forsjá ferðamannastaða og hvort virkja mætti t.d. RARIK og/eða Vegagerðina betur.

**3. Geysissvæðið:** Staða mála og næstu skref. EKH varaformaður kynnti stöðu mála við Geysi og sagði frá fundi í ráðuneytinu sem fyrirhugaður var síðar sama dag.

**4. Samstarf Ferðamálastofu, Útflutningsráðs og utanríkiráðuneytis.** JÁ og ÓÝA fóru yfir þau praktísku verkefni sem við blasa. Fltr. SAF lögðu fram beiðni um aðkomu að yfirfærslu og stefnumótun um skil á milli Ferðamálastofu og Íslandsstofu. Samþykkt var að ferðamálaráð fengi fundargerðir sex manna hópsins (Ferðamálastofu, Útflutningsráðs og utanríkiráðuneytis) og að þetta mál yrði tekið upp á fundum ráðsins héðan í frá.

### 5. Önnur mál.

1. Miklar líkur eru á auknum ferðalögum Íslendinga um eigið land í sumar. Ákveðið var að senda hvatningu til sveitarfélaga, þjóðgarða, markaðsstofa, ferðamálasamtaka og SAF um að þessi aukning kalli á endurbætur og meiri þjónustu, t.d. vegna hjólhýsa.

2. Ákveðið var að rifja upp fyrri umræður um „besta skyndibitann“ og ítreka það erindi við

Ferðamálastofu.

3. Farið var yfir viðbragðsáætlun Ferðamálastofu komi til óvæntra og óheppilegra atvika á ferðamannastöðum. Ferðamálastjóri fullvissaði ráðið um að þau mál væru í góðum höndum á Ferðamálastofu.

4. SK formaður og EKH varaformaður sögðu þetta hugsanlega þeirra síðasta fund í ferðamálaráði þar sem kosningar væru framundan og skipunartími þeirra markist af embættistíma ráðherra lögum samkvæmt. - Ráðsmenn kvöddu formann sinn og varaformann, til vonar og vara, með hlýjum kveðjum.

Næsti fundur fyrirhugaður á sama stað föstudaginn 8. maí 2009.